



Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
Lögg.fast.



Ásmundur Skeggjason
Lögg.fast.



Brynjar Baldursson
Sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Sölufulltrúi



Kristinn Tómasson
Lögg.fast.

Fyrir fólk á
fasteignamarkaði

SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 21. DESEMBER 2017 —

2. tölublað, 1. árgangur

Suðurnesjablaðið óskar öllum lesendum sínum nær og fjær gleðilegrar jólahátíðar. Það er gaman að sjá hve Suðurnesjamenn eru duglegir að skreyta húsin sín og á það bæði við um einstaklinga og fyrirtækin. Sveitarfélögin leggja líka mikið í að lýsa upp svartasta skammdegið. Myndin er af Keflavíkurkirkju en jólaguðsþjónustur eru í öllum kirkjum á Suðurnesjum.



Gleðilega jólahátíð



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996




ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU
VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Aðventuhátíð í
Sandgerði bls 2



Afmæli
Kiwanis bls 14



Jákvæður
tónn bls 2



SAMSUNG




MU6455 / stærðir 49" 55" 65"
1600 PQI, 4K. Motion rate 100
55" Kr. 170.000,-



ORMSSON
HAFNARGATA 23
SÍMI 421 1535

SAMSUNG



MU6275 / stærðir 49", 55" og 65"
1400 PQI, 4K. Motion rate 100
55" Kr. 134.900,- / áður 149.900,-

LEIÐARI

Kveður við jákvæðan tón hjá nýrri ríkisstjórn í málefnum aldraðra

Ein af stærstu málunum í kosningabaráttunni í október voru málefni aldraðra og heilbrigðismál. Allir flokkar gvoru með þessu mál ofarlega á sínum forgangslista. Nú er ríkisstjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna tekin við. Auðvitað hefðum við viljað sjá enn meira til málaflökks eldri borgara og til heilbrigðismála. En það kveður við jákvæðan tón í stjórnarsáttmálunum og ríkisstjórnin boðar enn frekari lagfæringar þegar fjármálaályktun til næstu ára verður kynnt í vor.

Nýr heilbrigðisráðherra Svandís Svavarsdóttir skrifar nýlega í Morgunblaðið. Þar segir m.a. „Örugg og góð heilbrigðisþjónusta, óháð efnahag og þjóðfélagsstöðu, verður forgangsmál nýrrae ríkisstjórnar. Umbætur í öldrunarþjónustu eru mikilvægur þáttur í bættri heilbrigðisþjónustu og stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er lögd áhersla á aðgerðir sem hafa það markmið að bæta öldrunarþjónustu og þar með auka lífsgæði aldraðra.“

„Öllum skal tryggður réttur til þess að lifa með reisn. Forsenda þess er að framboð hjúkrunarrýma sé í samræmi við eftirspurn og að öldruðum sem þar búa bjóðist nauðsynleg umönnun, hjúkrun og læknishjálpar, þar sem mannúð og virðing þeirra er tryggð.“

„Skortur á hjúkrunarrýmum er verulegur og þörf fyrir uppbyggingu er mikil á næstu fimm árum.“

Við hljótum öll að fagna þessaeri stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Það hefur verið sýnt fram á að allt of hæg uppbygging er í því að fjölga hjúkrunarheimilium. Ástandið er víða mjög slæmt og stefnir í enn verra ástand ef ekkert er að gert. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur í tekjur af skattheimtu rúmlega tvo milljarða á ári. Um þriðjungur tekna sjóðsins eru ár hvert notaðar í rekstur, þótt tilgangur sklattheimtunnar sé að nota fjármagnnið til uppbyggingar nýrra hjúkrunarheimili. Það ber því að fagna að nú verði breytin á og að verulegu fjármagni verði veitt í þennan málaflökk.

Heilbrigðisráðherra segfir einnig: „Rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila þarf einnig að tryggja og sjá til þess að þeim sem búa á hjúkrunarheimilum bjóðist viðeigandi umönnun og þjónusta.“

Aðra þjónustu öldrunarþjónustu þarf einnig að tryggja.

Efla þarf dagþjónustu og endurhæfingu og sjá til þess að sú þjónusta fái nægilegt fjármagn.“

Það kveður við mjög jákvæðan tón í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Eðlilegt er að ríkisstjórnin fái tækifæri til að sýna í verki það sem hún boðar. Það er hálf furðuleg gagnrýni hjá sumum stjórnarandstöðu þingmönnum að að tala um að ekkert sé gert í málefnum aldraðra. Ríkisstjórnin er þriggja vikna gömul. Við hljótum að gefa nýrri ríkisstjórn einhvern tíma til að hrinda sínum góðu yfirlýsingum í framkvæmd.

Suðurnesjblaðið er nýtt blað

Blaðið Reykjanes var við það að ljúka sínum 6.árgangi þegar útgáfan hætti snögglega. Stofnandi blaðsins var Fótspor, Ámundi Ámundason, en hann seldi útgáfuna til Pressunnar fyrir tveimur árum. Pressan ákvað að stöðva útgáfuna vegna fjárhagsvandráða. Landsmálablöðin hafa alla tíð staðið undir sér og er því vandi Pressunnar ekki vegna útgáfu blaðanna.

Nú hefur Ámundi Ámundason ákveðið að hefja útgáfu með svipuðu sniði og áður. Blaðið hér heitir Suðurnesjblaðið og verður dreift í öll hús á Suðurnesjum.

Sigurður Jónsson

Sameining Kölku og Sorpu?

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga er fylgjandi því fyrir sitt leyti að áfram verði unnið að hugmyndum um sameiningu Kölku og Sorpu, á grundvelli þeirra forsendna sem fram hafa komið í viðræðum aðila. Sveitarfélagið Vogar

telur mikilvægt að ef að sameiningu Kölku og Sorpu verður, verði Kalka fyrst leyst upp þannig að hvert og eitt aðildarsveitarfélaga Kölku eigi sinn eignarhlut í Sorpu, rétt eins og er raunin er með núverandi aðildarsveitarfélög Sorpu

2. tölublað, 1. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason.

Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.

Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Sigurður Jónsson,

netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779 Umbrot: Vefpressan. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Upplag: 10.000 eintök. Dreifing: Íslandspóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is

Suðurnesjblaðinu er dreift í 10.000 eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi.

Hátíðlegt aðventukvöld í Sandgerði

Það var flott aðventukvöldið í Safnaðarheimilinu í Sandgerði s.l. sunnudagskvöld. Mikili var um kórsöng frá nemendum. Herborg Hjálmarssdóttir formaður Kvenfélagsins Gefn í Garði flutti hugvekju. Fermingarbörn lásu ritningalestra. Söngsveitin Víkingar sungu nokkur lög. Séra Sigurður Grétar Sigurðsson stjórnaði. Að endingu var kveikt á kertum og Heims um ból sungið.



Almenningssamgöngur

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur umsjón með skipulagi og framkvæmd almenningssamgangna í landshlutunum ásamt tengingum við höfuðborgarsvæðið. Fyrirkomulag þetta byggir á samningi SSS og Vegagerðarinnar frá árinu 2012, þegar ákveðið var að afleggja sérleyfin sem áður tíðkuðust og innleiða þess í stað samræmdar almenningssamgöngur fyrir allt landið með tengingu við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfarið var efnt til útboðs um aksturinn hér á Suðurnesjum, ásamt því að SSS gerði samkomulag við Strætö bs. líkt og önnur landshlutasamtök, um sérfræðiþjónustu ýmiss konar ásamt því að innleidd var samræmd gjaldskrá. Í Vogum hefur fyrirkomulagið verið á þann hátt að sveitarfélagið annast akstur smárútu nokkrum sinnum á dag að biðstöð leiðar 55 við mislægu gatnamótin, með því móti geta íbúar sveitarfélagsins ferðast hvort heldur sem er til höfuðborgarsvæðisins eða annarra staða á Suðurnesjum. Nýlega bárust fréttir af því að verktakinn hefði ákveðið að



segja samningi sínum upp einhliða, þrátt fyrir að samningstíminn væri ekki liðinn. SSS ákvað því að bjóða út að nýju, og stendur það ferli yfir um þessar mundir. Vonir eru bundnar við að nýr verktaki taki við um áramótin, en gera má ráð fyrir að SSS höfði skaðabótamál á hendur fyrri verktaka vegna hinnar ólögmætu uppsagnar á samningnum. Þjónustan hefur verið vel nýtt af íbúum Sveitarfélagsins Voga, á árinu 2016 voru liðlega 7 þúsund innstígnir í Vogastrætö, á þessu ári má þó búast við lítils háttar fækkun og að farþegafjöldinn verði um 6.600. Það er því ljóst að þjónustan er vel metin og nýtt af mörgum, og því mikilvægt að hún haldi áfram og vonandi batni á næstu árum.

(Vogahraðferð Ásgeirs Eiríkssonar í Vogum)

Áherslur á málefni sveitarfélaga

Ávef Sambands íslenskra sveitarfélaga er vitnað í viðtal við framkvæmdastjóra Sambandsins, í tilefni þess að ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum og þær áherslur sem birtast í sáttmála hinnar nýju ríkisstjórnar. Að sögn framkvæmdastjórans er það mat hans að enginn stjórnarsáttmáli sé með jafn mikla áherslu á málefni sveitarfélaga. Í kaflanum um byggðamál segir að landsmenn skuli hafa jafnan aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum um land allt. Ríkið ætlar einnig að auka samráð við sveitarfélögin um verkefni þeirra og fjárhagsleg samskipti, auk þess að skilgreina betur hlutverk landshlutasamtaka og styrk sveitarfélaga til að rísa undir nauðsynlegri þjónustu. Þetta er sérstakt fagnaðarefni, vonir sveitarstjórnarmanna eru auðvitað bundnar við að þessar áherslur nái allar fram að ganga.

(Vogahraðferð Ásgeirs bæjarstjóra)



Garður fær 300 tonn í byggðakvóta

Með bréfi dags. 21.11.2017 tilkynnti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að Sveitarfélagið Garður fái úthlutað byggðakvóta 300 þorskígildistonnnum fyrir

yfirstandandi fiskveiðiár.

Lagt er til að úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa verði með sama hætti og

var á

síðasta fiskveiðiári:

50% úthlutaðs byggðakvóta verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla

skilyrði reglugerðar 604/2017 og lönduðu botnfiskafla á fiskveiðiárinu 2016/2017 og

50% verði skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við landaðan botn-

fiskafla í

tegundum sem hafa þorskígildistuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september

2016 til 31. ágúst 2017. Jafnframt er ítrekað að þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði

verði fullgilt að fiskiskip landi afla í öðru sveitarfélagi, en til vinnslu í Garði.



Bakarí og kaffihús Bakarameistarans taka vel á móti þér

Nýbakað brauð, kökur og smurt brauð allan daginn – alla daga.



Austurveri • Flatahrauni • Glæsibæ • Húsgagnahöllin • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

GÓÐ REKSTRARNIÐURSTAÐA REYKJANESBÆJAR

Fjárhagsáætlun Reykjanessbæjar 2018 til og með 2022 var samþykkt með öllum atkvæðum bæjarfulltrúa á bæjarstjórnarfundi 5. desember sl. Er þetta í fjórða sinn á kjörtímabilinu sem full samstaða er um fjárhagsáætlun. Áætlunin er til 2022 til samræmis við aðlögunaráætlun Reykjanessbæjar sem gildir til og með árinu 2022 og fjárhagsáætlun þarf að taka mið af.

Nokkrar breytingar urðu á A hluta bæjarsjóðs á milli fyrri umræðu og seinni umræðu og fór Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri yfir þær breytingar á bæjarstjórnarfundinum. Áætlað er að tekjur A-hluta bæjarsjóðs verði 13,905 milljarðar en gjaldaliðir 12,272 og framlegðin því 1633 milljónir. Aðrir liðir eru óbreyttir. Rekstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs eftir fjármagnsgjöld og afskriftir er áætluð rúmlega 394 milljónir.

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanessbæjar fyrir árin 2018 til og með 2022 eru að mestu leyti byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birtist í maí 2017.

Nokkrir óvissuþættir eru í áætlun, s.s íbúáþróun til næstu ára, sem hef-

ur verið fordæmalaus á undanförunum mánuðum og meiri en annarsstaðar, breytingar í starfsemi Helgúvík varðandi stóriðjur, skipakomur og fleira henni tengdu.

Gert er ráð fyrir að helstu niðurstöður í A og B hluta árið 2018 verði þessar:

- að tekjur samstæðunnar verði tæpur 21 milljarður króna
- að gjöldin verði rúmlega 16 milljarða króna
- framlegð verður því 4,6 milljarða króna
- afskriftir í samstæðunni verði 1.333 milljónir króna
- niðurstaða án fjármagnsliða verði rúmlega 3,2 milljarða króna
- að teknu tilliti til fjármagnsgjalda og hlutdeildar minnihluta og óreglulegra liða og tekjuskatts þá verði rekstrarniðurstaða samstæðunnar 934 milljónir í afgang

Meðal helstu verkefna ársins 2018 eru:

- aukin áhersla á viðhald gatna
- framkvæmdir við fyrsta áfanga Stapaskóla í Dalshverfi



- ný vinnubrögð vegna breytingar á persónuverndarlöggjöf
- nýtt launakerfi
- efling þjónustu við aldraða, m.a. með auknu samstarfi við heilbrigðisþjónustuna, Félag eldri borgara og Öldungaráð Suðurnesja.
- fjölgun stíga, gönguleiða og op-

- inna svæða
- færa Rokksafn Íslands nær nútím-anum
- flutningur heilsuleikskólans Háaleits í nýtt húsnæði og fjölgun deilda. Stækkun Háaleitisskóla í kjölfarið
- bætt þjónusta í íþrótt- og tóm-

- stundarmálum, m.a. hærri hvatagreiðslur og þjálfarastyrkir
- aukið samstarf barnaverndar og fræðsluskrifstofu vegna barna sem glíma við skólaforðun
- innleiðingar, þróun og eftirfylgni eignarskrár og birgðakerfis

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði



Leiðiskrossar 12 volt,
24 volt og 32 volt.
Vönduð íslensk framleiðsla.

JS LJÓSAMIDJAN
VELAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Símar: 554 0661 - 699 2502 - 897 4996



Keflavíkurlugvöllur í 8. sæti í alþjóðlegri ánægjumælingu

Keflavíkurlugvöllur er með áttundu ánægðustu farþega heims samkvæmt mælingum með Happy or Not stöndum svonefndum, sem eru ánægjumælingartöl. Standarnir eru víðsvegar í flugvallarbyggingunni og notaðir til að greina sveiflur í þjónustu og upplifun ferðafólks niður á hvern klukkutíma dagsins.

Það er finnska fyrirtækið HappyOrNot sem birtir niðurstöðurnar úr mælingum frá 160 flugvöllum í 36 löndum. CNN Europe birti fyrstu frétt um málið. Byggt er á gögnum sem var safnað frá nóvember 2016 til nóvember 2017. Mæld var reynsla fólks af öryggisleit, farangursafgreiðslu, sarlernum og fleiru.

Keflavíkurlugvöllur er í áttunda sæti af þessum 160 flugvöllum og ánægjan þar meiri en til dæmis hjá farþegum sem fóru um Heathrow-flugvöll í Lundúnum og Óslóarflugvöll.

Hamingjan er mest á Exeter-flugvelli í Englandi en í öðru til þriðja sæti eru Flugvöllurinn í Cork á Írlandi og Leonardo da Vinci-Fiumicino flugvöllurinn í Róm.

Í frétt CNN segir að svo virðist sem Keflavíkurlugvöllur hafi tekist með aðáunarverðum hætti að ráða við mikinn uppgang í ferðþjónustu. 6,8 milljón farþegar hafi farið

um Keflavíkurlugvöll 2016 – fimm milljón fleiri en 2004. Þrátt fyrir þessa aukningu hafi 86,35% farþega verið hamingjusamir þegar þeir gáfu svör sín í gegnum HappyOrNot-standana.

„Það er afskaplega gleðilegt að sjá að upplifun ferðafólks sem fer um Keflavíkurlugvöll er svo jákvæð sem raun ber vitni,“ segir Björn Óli Hauks-son, forstjóri Isavia. „Ég vil þakka starfsfólki Isavia og starfsfólki allra rekstraraðila á Keflavíkurlugvelli fyrir það frábæra starf sem er unnið til að tryggja að öll starfsemi flugvallarins gangi vel fyrir sig. Þessi niðurstaða renni frekari stöðum undir þær upplýsingar sem við höfum fengið úr öðrum mælingum um ánægju farþega.“

Fram kemur í úttektinni að farþegar séu líklegri til að þrýsta á græna hnappinn – til marks um ánægju – þegar klukkan er 9 að morgni á þriðjudegi í október- eða nóvembermánuði.

Ferðalangar eru hins vegar ólíklegri til að ýta á græna hnappinn þegar þeir eru að bíða eftir farangri sínum klukkan 2 eða 3 að nóttu um helgi í júlímánuði. Þá sé minni ánægja við heimkomu á sunnudegi – þegar vinnuvikan bíði fólks.

Þá er ferðafólk síður ánægt í apríl og júlí þegar yfirleitt er mikið að gera á flugvöllum á háannatíma um páska eða mitt sumar.

Gleðilega hátíð

BLUE LAGOON
ICELAND

GÓÐ NIÐURSTAÐA SÍÐUSTU FJÁRHAGSÁÆTLUNAR GARÐS

Bæjarstjórn Garðs hefur nú afgreitt síðustu fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið. Næst verður það fjárhagsáætlun fyrir nýja sveitarfélagið Garður Sandgerði. „Í rekstraráætlun fyrir árið 2018 eru heildartekjur A og B hluta áætlaðar 1.490 mkr. Þar af eru skatttekjur áætlaðar 903,7 mkr., eða 60,6% af heildartekjum. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru áætluð 383,6 mkr., eða 29,3% af heildartekjum. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 113,3 mkr., eða 7,6% af heildartekjum. Rekstrarniðurstaða rekstraráætlunar A og B hluta er áætluð 24,9 mkr. Rekstrarafgangur A hluta sveitarfélags er áætlaður 30,9 mkr.

Heildareignir fyrir A og B hluta eru áætlaðar 3.323,4 mkr. í árslok 2018. Áætlað er að heildar skuldir og skuldbindingar verði 602,6 mkr., þar af lífeyrisskuldbindingar 238,5 mkr. og leiguskuldbinding 105,4 mkr. Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir 58,9 mkr. í árslok 2018. Hlutfall heildar skulda og skuldbindinga af heildartekjum (skuldahlutfall) er áætlað að verði um 40% í árslok 2018 og í árslok 2021 um 36%.

Veltufé frá rekstri í áætlun fyrir A og B hluta er áætlað 142,3 mkr., eða

9,6%. Veltufé frá rekstri samtals árin 2018-2021 er áætlað alls 624,2 mkr. Handbært fé frá rekstri er áætlað 136,3 mkr. árið 2018 og samtals 594,2 árin 2018-2021. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 7,4 mkr. árið 2018. Fjárfestingar og framkvæmdir 2018 eru áætlaðar alls 170,5 mkr. Í árslok 2018 er áætlað að handbært fé nemi 372,6 mkr. og 507 mkr. í lok áætlunartímabilsins árið 2021.

Bókun bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun:

Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra, starfsfólki á bæjarskrifstofu og forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins fyrir vandaða og góða vinnu við vinnslu fjárhagsáætlunar. Jafnframt þakkar bæjarstjórn fyrir ítarlega og faglega greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun. Góð samvinna og samstaða hefur verið um vinnslu fjárhagsáætlunar, sem leggur grunn að góðum árangri við að fylgja fjárhagsáætlun eftir.

Bæjarstjórn hefur undanfarin ár haft það að megin markmiði að rekstur sveitarfélagsins skili jákvæðri rekstrarniðurstöðu og að fjárfestingar séu fjármagnaðar með skatttekjum. Þessi



markmið hafa náðst. Við lok þessa kjörtímabils mun núverandi bæjarstjórn skila af sér sveitarfélagi með stöðugan rekstur og mikinn fjárhagslegan styrk til að standa undir fjárfestingum næstu ára.

Með afgreiðslu fjárhagsáætlunar að þessu sinni eru ákveðin tímamót, þar sem áætlunin er sú síðasta sem núverandi bæjarstjórn vinnur og afgreiðir. Þá felast ekki minni tímamót í því að þessi fjárhags-

áætlun er sú síðasta sem unnin er í nafni Sveitarfélagsins Garðs, þar sem eftir sveitarstjórnarkosningar í maí 2018 mun sveitarfélagið sameinast Sandgerðisbæ.

Grindavík sigraði í Útsvarinu



Lið Grindavíkur sigraði lið Mosfellsbæjar í Útsvarinu ás RUV ws.l. föstudag. Lið Grindavíkur er þar með komið í átta liða úrslit.

AFLAFRÉTTIR:

Bátunum fjölgað mikið í Sandgerði

Allt er breytingum háð segir einhverstaðar. Var að skrifa í blað sem hét Reykjanes enn vegna gjaldþrots Pressunar sem átti Reykjanes þá tók fyrrum útgefandi aftur við keflinu með nýju nafni. Suðurnesjablaðið. Fínt nafn.

Það er annars nóg um að vera í sjávarútvegsmálum á suðurnesjunum. Fyrst ber að nefna að útgerðarfélagið Vísir ehf í Grindavík var að skrifa undir smíðasamning við skipasmíðastöðina Alkor í Gdansk í Póllandi. Nýi báturinn mun fá nafnið Páll Jónsson GK og mun koma í staðin fyrir núverandi bát sem hefur verið í eigu Vísis í Grindavík í um 15 ár. Verður hann 45 metra langur. (2 metrum lengri enn núverandi Páll Jónsson GK) og 10,5 metra breiður. (3 metrum breiðari enn núverandi bátur). Lestarrými er fyrir um 130 tonn af fiski, sem er ívið meira enn gamli báturinn tekur. Stræsta breytingin verður þó á rými fyrir áhöfn. Klefarnir í núverandi Páli Jónssyni GK eru svo til upprunalegir og hafa ekki tekið stórstígum breytingum, enn í nýja bátinum þá eru einstaklingsklefar fyrir 14 manna áhöfn bátsins. Áætlað er að nýi báturinn kominn um mitt ár 2019.

Þessi nýi bátur er fyrsta nýsmíði Vísis frá því að fyrirtækið var stofnað. Reyndar er vísir með annan bát í miklum endurbótum í Póllandi. Gamla Sævik sem áður hét Arney KE. Sá bátur var kanski þekktastur undir nafninu Skarðsvík SH. Þorbjörn ehf í Grindavík á bát sem heitir Hrafn GK enn sá bátur er samskonar bátur og Vísir ehf er að láta endurbyggja í Póllandi. Báðir bátarnir voru smíðaðir í Noregi. Skarðsvík SH var smíðaður 1975 og Gullberg VE var smíðað 1974.

Sveitarfélagið Garður, eða sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs var að fá úthlutunum 300 tonna byggðakvóta. Það eru nú ekki margar útgerðir í Garðinum, sem er af sem áður var. Addi Afí GK er reyndar skráður í Garðinum. Annars er það bara Nesfiskur sem þar er.

Talandi um Nesfisk, núna eru

togarnir þeirra Sóley Sigurjóns GK og Berglín GK báðir komnir til Sandgerðis enn þar lönduðu þeir síðustu löndun sinni fyrir jólin. Báðir togarnir voru búnir að vera í mokveiði og sérstaklega Sóley Sigurjóns GK sem hafði verið á veiðum við vestfirðina, og er búinn að landa um 500 tonn um 4 túrum. Berglín GK sömuleiðis búinn að fiska vel. Um 350 tonn í 3 túrum.

Annars hefur bátunum fjölgað mikið í Sandgerði og þá aðallega línubátum og hefur veiði bátanna verið nokkuð góð. Bátarnir sem voru að veiðum við austurlandið er margir komnir til baka. Hulda HF er hæstur með 53 tonn 8 róðrum og mest 9,3 tonn. Rán GK 12,3 tonn 4. Andey GK 7 tonn 3. Daðey GK 46,9 tonn 9. Jón Ásbjörnsson RE 45,7 tonn 8. Von GK 43 tonn í 7. Bergur Vigfús GK 43 tonn í 8. Dóri GK 29 tonn í 6. Addi Afí GK 26 tonn í 8. Guðrún Petrína GK 6,4 tonn 2, Birta Dís GK 13 tonn 6 og Líf GK 1,2 tonn í 2.

Hulda SU er nýjasti báturinn sem kemur til Sandgerðis aftur, og þegar þessi pistill er skrifaður þá er báturinn í sínum fyrsta róðri frá Sandgerði síðan báturinn kom aftur.

Í Grindavík þá er þar einungis Dúddi Gísla GK með 15,6 tonn í 4 róðrum.

Netabátarnir hafa fiskað ágætlega, enn nokkurt flakk er búið að vera á Erling KE. Hann fór austur fyrir landið áleiðis vík í Mýrdal og er núna kominn vestur og er veiða út frá Flateyri. Hefur landað 81 tonn í 5 róðrum og mest 46,5 tonn í einni löndun. Grímsnes GK 45 tonn 6 og er mest af því ufsi um 39 tonn. Var hann sömuleiðis að veiðum með suðurströndinni. Hraunsvík GK 10 tonn 7, Halldór Afí GK 6,5 tonn 8 og Maron GK 1,7 tonn í 2

Þessi pistill er jólapistillinn því þetta er síðasti pistill fyrir jólin og færi ég því lesendum Aflafretta pistlanna sem og nýja blaðsins gleðilegra jóla og gæfufullt komandi ár.

Jólafréttir Gísla R.

DUX

GÆÐI OG ÞÆGINDI SÍÐAN 1926



DUX 6006 – SVÆÐISMEÐFERÐ

Í örfáum einföldum skrefum geturðu sett upp rúmið þitt til að mæta þörfum þínum.

DUXIANA®

DUXIANA Reykjavík | Ármúli 10 | Reykjavík | +354 5 68 99 50 | www.duxiana.is

FJÁRHAGSLEGUM MARKMIÐUM NÁÐ Í SANDGERÐI

Fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar var afgreidd á fundi bæjarstjórnar 5. desember. Við afgreiðslu áætlunar var því sérstaklega fagnað að fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga um rekstrarjöfnuð og skuldaviðmið skuli náð. Hér að neðan má sjá bókun sem gerð var við afgreiðslu málsins auk áætlunarinnar, greinagerðar með henni og gjaldskrár.

Fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar fyrir árið 2018 og árin 2019-2022 er unnin með hliðsjón af 10 ára aðlögunaráætlun bæjarins 2012 til 2022. Við gerð aðlögunaráætlunar árið 2012 var gert ráð fyrir að ákvæðum sveitarstjórnarlaga um rekstrarjöfnuð og skuldaviðmið yrði náð á tímabilinu. Sú áætlun sem nú er afgreidd sýnir að á árinu 2018 nást ákvæði um rekstrarjöfnuð og skuldaviðmið og er það nokkuð fyrr en upphaflega var áætlað.

Rekstrartekjur ársins 2018 eru áætlaðar 2.146 mkr. og rekstrarútgjöld eru áætluð 1.835 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 166 mkr. og afskriftir 127 mkr. Þannig er áætluð rekstrarmiðurstaða jákvæð um tæpar 18 mkr.

Breytingar á gjaldskrár taka mið af verðlagsbreytingum og hækka að jafnaði um 2,7%. Fasteignaskattur lækkar úr 0,5% í 0,4% og er þetta ann-



að árið í röð sem bæjarstjórn ákveður að lækka fasteignagjöld, en síðasta ár var fráveitugjald lækkað um 16%.

Meðal þeirra nýframkvæmda sem ráðist verður í á árinu 2018 eru framkvæmdir við nýtt íbúðahverfi ofan við Stafnesveg, umferðaröryggi við grunnskólann verður bætt með betri aðkomu bíla við Suðurgötu, endurbótum á suðurbryggju Sandgerðishafnar verður haldið áfram, lokið verður við útrás fráveitu sem mun uppfylla umhverfiskröfur, auk malbikunar göngu- stíga.

Þá er áætlað að ljúka við gerð fjölmenningsráðgjafna, umhverfisstefnu og

lýðheilsustefnu.

Eins og undanfarin ár hefur ríkt góð samvinna og samstaða innan bæjarstjórnar við vinnslu fjárhagsáætlunar og um þær áherslur sem þar koma fram.




Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og öðrum starfsmönnum Sandgerðisbæjar vönduð og góð vinnubrögð við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri fagna því sérstaklega að fjárhagslegum markmiðum skuli náð nú við framlagningu síðustu fjárhagsáætlunar Sandgerðisbæjar.



Fallegar jólaskeytingar

Það er skemmtilegur síður hjá okkur að skreyta með ljósum á adventunni og jólum húsin okkar bæði að utan og innan. Hér koma nokkrar jólamyndir.



Tjarnargata 4 njóti umhverfisnefndar

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Sandgerðis var tekið fyrir mál frá 683. fundi bæjarráðs Sandgerðisbæjar þriðjudaginn 14. nóvember 2017, 6. mál (sjá 15. mál í þessari fundargerð).

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera drög að samningi um afnot af efri hæð Tjarnargötu 4 og leggja fyrir bæjarráð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að húsið að Tjarnargötu 4

njóti hverfisverndar í samræmi við húsakönnun og að húsið verði áfram í eigu bæjarins.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir tillögu bæjarráðs um að húsið að Tjarnargötu 4 njóti hverfisverndar í samræmi við húsakönnun og að húsið verði áfram í eigu bæjarins.

Boðar gott samstarf

Á smundur Einar Daðason er nýr félagsmálaráðherra. Hann leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við hagsmunasamtök sem falla undir hans ráðuneyti. Nýlega fundaði félagsmálaráðherra með formanni og varaformanni Landsambands eldri borgara, þar sem farið var yfir stöðu mála og hvaða hagsmunamál væri brýnast að leysa til hagsbóta fyrir eldri borgara landsins.



silestone
BORDPLÖTUR OG STEINKLÆÐINGAR
FYRIR ELDHÚS OG BAÐHERBERGI

Steinsmiðjan Rein
Sniðum að þínum þörfum



Sköpunarkrafturinn býr innra með okkur. Við leitumst við að móta umhverfi okkar eftir eigin smekk og þörfum til að óðlast samhljóð og jafnvægi í daglegu lífi.

Silestone býður þér upp á fjölbreytta nálgun við þessa tjáningu þegar þú vilt móta nýtt eldhús eða baðherbergi á persónulegan hátt. Silestone er fánlegt í fjölbreyttum áferðum og litum. Silestone býðna einir upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörð.

Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með Silestone.

www.silestone.com



Steinsmiðjan Rein
Sniðum að þínum þörfum



Góðar og gagnlegar gjafir

BRAUN

HD780 Hárblásari

HD380 Hárblásari

ST510 Sléttujárn

AS720 Krullubursti

HÁREYÖNGATÆKI 7-521

Skeggsnyrtir BT5070

Jólatilboð heimitisins

AEG

911544014

UPPÞVOTTAVÉL

Tekur 13 manna stell / Hljóðstyrkur: 47 dB(A), / 4 þvottakerfi: ECO 50°C, Auto 45-70°C, PRO 70°C, hraðþvottur á 30 mín. 60°C (þurrkar ekki) / AirDry þurrkun: Opnar vélin að loknum þvotti/þurrki / XtraDry þurrkun: Auka þurrkun sem hægt er að bæta við þvottakerfi / Sjálfvirk slökkvun: 10 mín. eftir að þvotti lýkur / Þurrkhæfni: A / Þvottahæfni: A

TILBOÐ

79.900,-

VERÐ ÁÐUR: 99.900,-

25%

Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.

Tefal
GOTT ÚRVAL
TALENT PRO

Tefal
JAMIE OLIVER panna
30 cm - Á JÓLATILBOÐI

kr. 7.990,-

staub
en France

Gott úrval af frábærum vörum

de BUYER
DEPUIS 1830

Koparpottarnir vinsælu
Gæði í gegn

bodum

Pressukönnur. Verð frá 4.990,-

NIVONA

TILBOÐ

530
kr. 69.900,-

778
kr. 99.990,-

Heimilis-kaffihúsið
Alsjálfvirk, afkastamikil og endingagóð kaffivél til heimilisnota. 6 ára reynsla á Íslandi

Opnunartímar: Virka daga fram að jólum kl. 10-19. Þorláksmessu er opið kl. 10-21. Aðfangadag er lokað.

-heimsóknar virði í ORMSSON

brabantia Gott úrval gerða, stærða og lita. Verð frá 3.490,-

Prifalegu ruslaföturnar



AEG

Smoothie Blandari

Þessi er alveg ómissandi fyrir okkur sem alltaf eru að flýta sér. Blandar beint í glasið

kr. 4.990,-

Pioneer



PL990

Hágæða plötuspilari frá Pioneer.

kr. 27.900,-

Nintendo

SWITCH



kr. 49.900,-



Nintendo

New Nintendo 2DS XL Poké Ball Edition

kr. 25.900,-

Pioneer

PIX-SMC02-W



kr. 26.900,-

Geislaspilari sem spilar MP3 og WMA / 20W (10W + 10W RMS) / FM Útvarp m. 30 stöðva minni / Klukka með Timer og Sleep stillingum / Spilar og hleður í gegnum USB / Innbyggt Bluetooth / Bluetooth Wakeup T Tengir: USB, Audio In, Loftnet / Veggfesting / Stærð: 45,1 x 21,5 x 13,2cm (BxHxD) T Fjarstýring fylgir (svört)

Pioneer



MJ553BT

Góð þráðlaus BlueTooth heyrnartól frá Pioneer.

kr. 12.900,-

Pioneer

PIX-CM56-W

2x15W / CD / FM / USB / BlueTooth



kr. 37.900,-

MUSE

CD SPILARI OG ÚTVARP m/BlueTooth

M-22BT

Ferðatæki með CD, útvarpi og Bluetooth. / Spilar CD / CD-R / CD-RW / geisladiska. Aux in.



kr. 9.900,-

SANGEAN

ÚTVARP

SGWR-15BT BROWN LEAT

FM/AM útvarp / Retro og stílhrein hönnun. / Innbyggt Bluetooth V.2.1 Class II / NFC tenging við snjalltæki með NFC tækni / Mjúk og nákvæm stilling á bylgjulengd / Deep Bass tækni sem gefur dýpri hljóm / 3" 10W Full-Range hátalari / Aux-in og heymartólatengi.

LISTAVERÐ: 26.900,-



kr. 19.900,-

TILBOÐ

Pioneer



MRX-5

Multi-Room hátalari með BlueTooth og Spotify

kr. 59.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

HAFNARGÖTU 23
REYKJANESBÆ · SÍMI 421-1535

Netverslun

ORMSSON.IS



ORMSSON

Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði



Opnunartímar:

Virka daga fram að jólum kl. 10-19.

Þorláksmessu er opið kl. 10-21.

Aðfangadag er lokað.

SAMANBURÐUR VIÐ ÖLL LANDSVÆÐI ER OKKUR MJÖG ÓHAGSTÆÐUR

Þingmenn, sem búsettir eru á Suðurnesjum eru fimm. Suðurnesjablaðið leitaði til þeirra nú í upphafi nýs þings og spurði hvernig þeim litist á sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

S tjórnarsáttmálinn er í engu samræmi við kosningaloforð og svarar engan veginn væntingum sem búið var að kynda undir með fréttum af stjórnarmyndunarviðræðunum. Hann er fullur af hálfkveðnum vísom og ýmislegt nefnt þar sem ekki ratar inn í fjárlagafrumvarpið sem til stendur að afgreiða fyrir jól. Í sáttmálanum eru mörg orð en framkvæmdin er í tölunum í fjárlagafrumvarpinu og þar skortir mikið upp á að orðunum sé fylgt eftir með athöfnun. Ég nefni nokkur dæmi:

1. Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur ætlar ekki að nýta að neinu marki þau stýritæki sem stjórnvöld búa yfir til að minnka ójöfnuðinn í skiptingu tekna og eigna í samfélaginu, en ójöfnuður fer vaxandi hér á landi. Þær tekjuskattbreytingar sem talað er um í sáttmálanum munu gagnast þeim ríku mun betur en tekjulægsta fólkinu og þeim með meðaltekjur. Breyting á fjármagnstekjuskatti er óveruleg og mun nýtast þeim sem mestu arðgreiðslurnar fá til skattahagræðingar hér eftir til hingað.

2. Barnabætur eru lítillegar hækkadar eða um tæpar 1.500 kr á mánuði

með fyrsta barni og rétt um 1.700 með öðru barni og fleirum. Tillaga ríkisstjórnarinnar er hins vegar sú að barnabætur byrja að skerðast straxvið 242.000 kr., langt undir lágmarkslaunum. Slik skerðing barnabóta við lágur tekjur stuðlar að meiri fátækt meðal vinnandi fólks. Hjón í launaðri vinnu en á lágum launum fá litlar barnabætur og það er ein af ástæðum fyrir því að fátækt meðal barnafjölskyldna er meiri hér en hjá barnlausum fjölskyldum. Á árinu 2017 fengu 12.000 færri fjölskyldur barnabætur en árið 2013 og þeirri þróun verður ekki snúið við á næsta ári. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki að finna neinar aðgerðir sem vinna gegn fátækt þó að um þær sé talað í stjórnarsáttmálanum.

3. Vaxta- og húsnæðisbætur eru einnig af skornum skammti og eiga að lækka á næsta ári samkvæmt frumvarpinu. Viðmið vegna vaxtabóta hafa ekki breyst síðan árið 2010. Vaxtabætur hafa lækkað með hærri fasteignaverði og haft það í för með sér að ráðstöfunartekjur lág- og meðaltekjufólks hafa lækkað enn frekar. Stuðningur við leigjendur er að sama skapi rýr. Öryrkjar eru algjörlega skildir eftir

enn einu sinni og fá enga leiðréttingu á sínum kjörum nema það lágmark sem tryggt er hvor sem er í lögum um almannatryggingar.

4. Það að hafa þak yfir höfuðið, að eiga öruggt húsaskjól á viðráðanlegu verði er ein af grunnstoðum velferðarsamfélags. Ríkisstjórnin skilar auðu í þeim málaflokki þó að allir viti að vandinn sé þar mikill og verði ekki leystur nema með aðgerðum stjórnvalda.

Ég gæti talið upp margt fleira sem ekki er gott í stjórnarsáttmálanum, s.s. aðgerðarleysi í stjórnarskrármálum, auðlindamálum og gjaldveyrismálum, en læt þetta duga að sinni enda plássíð takmarkað í blaðinu.

Í öðru lagi spyrjum við hver verði helstu baráttumál þeirra, sem snúa að hagsmunamálum okkar hér á Suðurnesjum.

Greiningar, bæði nýjar og gamlar, sýna að stofnanir á Suðurnesjum sem reknar eru af ríkinu eru fjársveltar. Samanburður við öll önnur landsvæði er okkur mjög óhagstæður. Fjölgu íbúa á svæðinu ein og sér ætti að vera næg ástæða til að setja meira fjármagn til vegagerðar og opinberra þjónustu á svæðinu. En það ágreinilega ekki að gera neitt í þá áttina. Tillögur ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur gera ekki ráð fyrir neinni hækkun til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja miðað við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar sem féll í september, svo dæmi sé tekið. Engin

hækkun til HSS! Þessu mótmælum við í Samfylkingunni harðlega. Ég hef nú þegar sent heilbrigðisráðherra eftirfarandi töflu sem sýnir fjölgun íbúa á Suðurnesjum síðustu ára og fært rök fyrir því um leið, að nauðsynlegt sé að auka þjónustu ríkisins við íbúa í takt við þá fjölgun.

Ég mun einnig leggja áherslu á að Fjölbrautaskóli Suðurnesja fái myndarlega hækkun og ekki minna en þeir skólar sem eru með sambærilegan rekstur. Ég mun einnig krefjast leiðréttingar á því að Keilir og Fisktækniskólinn eigi ekki að fá neina hækkun í meintri stórsókn ríkisstjórnarinnar í menntamálum.

Grindavíkurvegurinn er ekki nefndur á nafn í fjárlagafrumvarpinu og því verður að breyta. Framlög til lögreglu á Suðurnesjum verður einnig augljóslega að leiðrétta vegna fleiri íbúa og álags vegnafjölgunar ferðamanna og hælisleitenda.

Nauðsynlegt er að setja byggingu hjúkrunarrýma á Suðurnesjum í forgang en ekkert á að gera í því eða í málefnum þeirra sem eldri eru á næsta ári, nema að hækka frítækjumark þeirra fáu sem geta aflað sér tekna á vinnumarkaði.

Ég mun einnig flytja þingmál um aðkomu ríkisins við

að gera fyrrum hernaðarsvæði á Ásbrú að aðlaðandi hverfi í Reykjanesbæ. Það er ekki réttlátt gagnvart íbúum Reykjanesbæjar að ríkið hafi heimtað með lögum afslátt af fasteignagjöldum af mannvirkjum þar en komi ekkert að uppbyggingu þegar að íbúum hefir fjölgað og þjónusta bæjarins þyngist í samræmi við það.



Oddný G. Harðardóttir þingmaður Samfylkingar

SAMGÖNGUMÁLIN, HEILBRIGÐISMÁLIN OG SKÓLAMÁLIN EFST Í FORGANGSRÖÐINNI

Þingmenn, sem búsettir eru á Suðurnesjum eru fimm. Suðurnesjablaðið leitaði til þeirra nú í upphafi nýs þings og spurði hvernig þeim litist á sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

Nýr stjórnarsáttmáli leggst afskaplega vel í mig. Ég fæ ekki betur séð en að við samningu hans hafi tekist vel til við að finna skynsamur lausnir á brýnum málum. Þar er enn fremur lögð þung áhersla á þau grunnþjónustumál sem skipta okkur á Suðurnesjum svo miklu máli. Þá er það auðvitað alltaf þannig að maður getur fundið eitt og annað sem maður hefði viljað sjá öðruvísi en það er bara eðli samsteypustjórn mála, málamiðlanir á milli lýðræðislega kjörinna fólka.

Heilt yfir þá tel ég engu að síður að þessir þrír flokkar hafi sýnt mikla ábyrgð með að setjast

saman yfir þetta verkefni og að sú yfirsæta hafi skilað góðri afurð.

Ég hlakka til að taka þátt í að vinna að þeim málum sem koma fram í stjórnarsáttmálanum fyrir landsmenn alla.

Í öðru lagi spyrjum við hver verði helstu baráttumál þeirra, sem snúa að hagsmunamálum okkar hér á Suðurnesjum

Baráttumálin með hliðsjón af hagsmunum svæðisins eru mörg. Stærsta verkefnið er að bæta hlut Suðurnesja í fjárlögum til opinberra stofnanna hér á svæðinu og laga þannig þann mismun sem kemur fram í nýttkominni skýrslu sem gerð var fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í henni kemur fram að ef miðað er við fjárlög á hvern íbúa á svæðinu þá erum við langt undir öðrum landsvæðum. Þá hefur heldur ekki verið tekið mið af þeirri gríðarlegu fjölsfjölgun sem er á Suðurnesjum sem á sér margar birtingarmyndir m.a. í fleiri íbúum, fleiri ferðamönnum og auknum umsvifum í atvinnulífinu. Þetta er auðvitað óboðlegt.

Í þessari vinnu eru samgöngumálin, heilbrigðismálin og skólamálin efst í forgangsröðuninni. Við leggjum mikla áherslu á að umferðaröryggi verði bætt á Suðurnesjum með endurbyggingu Grindavíkurvegar, að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og viðhald vegna eins Garðvegarinnar verði lagað.

Jafnframt er mjög brýnt að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fái aukið fjármagn inn í reksturinn vegna

aukins álags og leitað verði leiða til að efla Heilsugæsluna. Þá höfum við sett í forgang að haldið verði áfram að undirbúa viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og að atvinnulífskólarnir hér á svæðinu, þ.e. Keilir og Fisktækniskólinn, sitji við sama borð og aðrir skólar nú þegar á að auka fjármagn til framhaldsskóla og háskóla. Mikilvægt er líka að við stöðjum við kröfu dómsmálaráðherra að landamæravarsla verði styrkt hjá Lögreglunni á Suðurnesjum í samræmi við aukinn farþegafjölda á Keflavíkflugvelli. svo almenna lögreglunni sé unnt að sinna hlutverki sínu sem lögregla okkar hér á Suðurnesjum.

Verkefnin eru næg og munum við öll leggja okkur fram sem samhentur hópur við að vinna þeim framgang. Við þurfum að vera vakandi fyrir stefnumörkun ríkisins þegar kemur að starfsemi stofnanna og fyrirtækja hér á svæðinu og nefni ég þar Kadeco og ISAVIA.

Ég hlakka til að vera í sambandi við ykkur sem flest varðandi þessi verkefni sem og önnur.

Gleðilega hátíð



Vilhjálmur Árnason, alþingismaður Sjálfstæðisflokks



Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokks

STJÓRN UPPBYGGINGAR OG SAMVINNU

Samvinnukona fagna ég því að sjá áherslur allra þriggja fólka, frá hægri til vinstri, birtast í stjórnarsáttmálanum. Við fáum það besta frá öllum. Tími samvinnu og uppbyggingar er hafinn. Liðsandinn er góður og flestir þingmenn stjórnarflokkanna hafa nú setið fleiri en eitt kjörtímabil og því er þingreyksla og ráðherra-reynsla í hópnun,“ segir Silja Dögg.

Mikið var rætt um innspýtingu í grunnstoðir, s.s. heilbrigðismál-, mennta- og samgöngumál, fyrir síðustu kosningar og í raun líka fyrir kosningarnar 2016. „Stóra verkefnið okkar snýst fyrst og fremst um að viðhalda þeim efnahagslega stöðugleika sem náðst hefur á liðnum árum og nýta tækifæri sem nú eru til innviðaupbyggingar um land allt. Það er nauðsynlegt að stuðla að samfélagslegri sátt og bæta lífskjör þannig að við allir landsmenn fái notið jafnra tækifæra,“ segir Silja.

Um 100 aðgerðir og áherslur er að finna í sáttmálanum og Silja Dögg segist vera sérstaklega ánægð með áherslur nýrrar ríkisstjórnar á menntamál, rannsóknir og þróun. „Þangað þurfum við að fara til að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar og velsæld til lengri tíma. Einnig á að fara í átak í uppbyggingu hjúkrunarrýma, fullvinna heilbrigðisstefnu fyrir Ísland, draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga og hringja geðheilbrigðisáætlun í framkvæmd, sem ég er mjög ánægð með. Með þessu á heilbrigðiskerfið að standa samanburð við það sem best gerist í heiminum og stefnt er að allir lands-

mennta- og samgöngumál, fyrir síðustu kosningar og í raun líka fyrir kosningarnar 2016. „Stóra verkefnið okkar snýst fyrst og fremst um að viðhalda þeim efnahagslega stöðugleika sem náðst hefur á liðnum árum og nýta tækifæri sem nú eru til innviðaupbyggingar um land allt. Það er nauðsynlegt að stuðla að samfélagslegri sátt og bæta lífskjör þannig að við allir landsmenn fái notið jafnra tækifæra,“ segir Silja.

Um 100 aðgerðir og áherslur er að finna í sáttmálanum og Silja Dögg segist vera sérstaklega ánægð með áherslur nýrrar ríkisstjórnar á menntamál, rannsóknir og þróun. „Þangað þurfum við að fara til að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar og velsæld til lengri tíma. Einnig á að fara í átak í uppbyggingu hjúkrunarrýma, fullvinna heilbrigðisstefnu fyrir Ísland, draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga og hringja geðheilbrigðisáætlun í framkvæmd, sem ég er mjög ánægð með. Með þessu á heilbrigðiskerfið að standa samanburð við það sem best gerist í heiminum og stefnt er að allir lands-

EKKERT UM AÐ GREIÐA SKULDIR RÍKISSJÓÐS

1. Stjórnarsáttmálinn er fagurlega myndskreittur enda tók drjúga tíma að setja hann saman. Innihaldið er hins vegar almennt orðað og lítið fer fyrir stefnumörkun. Þetta er kyrrstöðu sáttmáli. Vinstri græn hafa greinilega sett mark sitt á plaggid og hafa vinningin hvað hina stjórnarflokkana varðar. Mikið er talað um loftlagsmál. Þannig kemur orðið loftlagsmál 12 sinnum fyrir á saman tíma og orðið fátækt kemur 1 sinni fyrir. Engar lausnir í húsnæðismálum og aðstoð til handa fyrstu kaupendum. Ekkert um að greiða skuldir ríkissjóðs, sem eru miklar. Enginn uppstokkun í fjármála-kerfinu eins og Miðflokkurinn lagði áherslu á fyrir kosningar. Við erum að missa að miklu tækifæri eins og því að nýta forkaupsrétt á Arion Banka og koma á virkri samkeppni í fjármálaþjónustu, með lægri vöxtum og þjónustugjöldum. Engin raunhæf stefna í að losa okkur við verðtrygginguna. Ég fagna þó áherslum í menntamálum og auknu fé til heilbrigðismála. Hins vegar er ekki ráðist í neinar kerfisbreytingar í heilbrigðiskerfinu en Landlæknir hefur sagt að það sé beinlínis hættulegt að setja mikla peninga

í óbreytt kerfi. Nýta verður peningana best þegar heilbrigðiskerfið er annars vegar, enda kostar það 602 þúsund á hvern einasta landsmann. Það er mun ódýrara að nota þá aðstöðu sem er í heimabyggð en ekki beina öllu í dýrasta úrræðið á höfuðborgarsvæðinu eins og Landspítalann. Við höfum t.d. fullkomna skurðstofu við HSS sem ekki má nota, á saman tíma og langir biðlistar eru í aðgerðir á Landspítalanum. Það þarf kerfisbreytingu í fleiri en einum málaflokki og djörfung til að framfylgja henni. Því miður fer ekki fyrir því í þessum stjórnarsáttmála.

2. Við þingmenn Suðurlandskjördæmis áttum góðan fund saman skömmu eftir að ný ríkisstjórn var mynduð þar sem við settum saman lista yfir þau áherslumál sem við værum sammála um að vinna að fyrir kjördæmið. Hvað Suðurnesin varðar þá var Grindavíkurvegur efstur á okkar blaði og yfir allt kjördæmið, enda brýnt að ráðast í endurbætur til að auka umferðaröryggið á þessum hættulega vegi. Það er ánægjulegt að það sé samstaða um forgangsmál innan þingmannahópsins og ég vona að svo verði áfram. Það er vænlegast til árangurs. Þetta er alltaf baráttu um peninga og

það hefur sýnt sig að þar sem þingmenn standa saman í þessum efnum þar næst betri árangur. Síðan er það brýnt í mínum huga að leiðrétta það ranglæti sem hefur viðgengist undanfarin ár hvað varðar fjárveitingar hins opinbera til ýmissa opinberra stofnana í Reykjanesbæ. Ég vísa þar í skýrslu sem Reykjanesbær birti fyrir skömmu, sem sýnir glögglega að við Suðurnesjamenn höfum verið afskiptir af hálfu fjárveitingavaldsins árum saman. Stofnanirnar sem hér um ræðir eru Heilbrigðisstofnunin, löggæslan, tollgæslan og landamæraeftirlitið, fjölbrautaskólinn, Keilir, Helgvíkurhöfn og MSS. Önnur brýn mál liggja fyrir eins og ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar, hafnarframkvæmdir í Grindavík og landvarsla á Reykjanesi. Síðan er það þjóðhagsgætt að flytja Landhelgisgæsluna hingað suður eins og áður hefur komið fram

og þingmenn reynt að vinna framgöngu undanfarin ár, vonandi tekst okkur það á endanum.



Birgir Þórarinnsson þingmaður Miðflokks



Hvað segja okkar þingmenn?

Þingmenn, sem búsettir eru á Suðurnesjum eru fimm. Suðurnesjablaðið leitaði til þeirra nú í upphafi nýs þing og spurði hvernig þeim lítist á sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

Í öðru lagi spyrjum við hver verði helstu baráttumál þeirra, sem snúa að hagsmunamálum okkar hér á Suðurnesjum.

„EF SKAGINN YRÐI SKORIN ÞVER“...

Suðurnes leitaði til mín og bað mig að svara tveimur spurningum. Sú fyrri er hvernig



Ásmundur Friðriksson alþingismaður Sjálfstæðisflokks

mér lítist á stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttir.

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttir ber það með sér að þar eru þrjú afar ólíkir flokkar að ná saman um málefnastrá. Væntingar til ríkisstjórnarinnar eru miklar og sjálfur hef ég mikla trú á samstarfi flokkanna. Ég ber þá von í brjósti að ríkisstjórnin og Alþingi muni standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til hennar og góð staða í efnahagsmálum skili sér til okkar allra og þá fyrst til þeirra sem veikast standa. Í stefnuræðu forsætisráðherra kom skírt fram að markmið ríkisstjórnarinnar eru fyrst og fremst að koma til móts við ákall almennings um að sú hægsæld sem hér ríkir skili sér til samfélagsins. Efling heilbrigðis- og menntakerfisins ásamt innviðaupbyggingu eru lykilmál ríkisstjórnarinnar og ég finn góða samstöðu og ríkisstjórnin er með byr í seglin.

Hver eru helstu baráttumál fyrir Suðurnes?

Helstu baráttumál á Suðurnesjum er lagfæring á Grindavíkurvegi, ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar og endurbætur á Garðs- og Sandgerðisvegi. Þá er mikilvægt að allir landsmenn sitja við sama borð þegar kemur að skiptingu framlaga ríkisins. Þar eru Suðurnesin því miður ekki á sama róli og aðrir landshlutar. Ég tel mikilvægt að sá mismunur sem fram kom í skýrslu Atons og í tölulegum samanburði á fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum verði leiðrétta. En þar kemur fram verulegur munur á framlögum ríkisins til stofnana á Suðurnesjum og á öðrum stöðum á landinu er algjörlega óásættanleg stað fyrir íbúa á Suðurnesjum.

Þar kemur fram að starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fær 40% framlag á hvern íbúa miðað við Heilbrigðisstofnun Austurlands og lægst framlag af þeim stofnunum sem eru í nálægð við höfuðborgina, eða 43%

af því sem Heilbrigðisstofnun Vesturlands fær. Þegar kemur að fjölda hjúkrunarrýma er heilbrigðisumdæmi Suðurnesja með fæst rými á landinu eða 5,4 rými, á meðan landsmeðaltal er 7,4 rými á hverja 1,000 íbúa svo fátt eitt sé nefnt. Þessu til viðbótar er forðumalaus fjölgun íbúa á Suðurnesjum eða 16,1% á árunum 2010-2017. Þessi fjölgun er ánægjuleg en jafnframt mikil áskorun fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum að taka á móti öllum þessum nýju íbúum, en allir innviðir eru fullnýttir og mikil uppbygging fram undan.

Ég veit að allir þingmenn kjördæmisins munu leggast saman á árnar til að vegabætur á hættulegasta vegi landsins Grindavíkurvegi verði forgangsverkefni. Og leiðrétting á útdeilingu á fjármunum ríkisins á að byggja á réttlæti og að við sitjum öll við sama borð. Þetta eru að mínu mati stærstu mál fyrir Suðurnes í upphafi þings.

Skaginn skorinn af.

Það er einkennilegt að fyrir nokkru

var mér send grein sem Ingvar Jóhannsson skrifaði í 2 tbl. Faxa árið 1976 með yfirskriftinni „Að skaginn yrði skorin af...“ Í þessari grein sem skrifuð er fyrir 40 árum fjallar um skilningsleysi á stöðu Suðurnesja sem höfðu herinn, útgerð og vinnslu, orku í jörðu og fjárstraum frá Suðurnesjum til Reykjavíkur og hvað Suðurnesin fái í staðin? Við erum kannski á svipuðum stað og þegar greinin er rituð og upplifunin er að við sitjum eftir og njótum ekki skilnings. Greininni líkur Ingvar á þessum orðum;

Ég myndi vilja ljúka þessu með því að geta talað til þjóðarinnar allrar og biðja um beri skilning á málefnum okkar hér, svo fleiri færu ekki að hugsa eins og járnsmiðurinn í Innra hverfi Njarðvíkur þegar hann sagði;

Ef ég mætti óska mér og okkar börnum Njarðar að skaginn yrði skorin þver skammt sunnan Hafnarfjarðar.



MAGNESÍUM ♥ KÍSILL

HIN FULLKOMNA TVENNA FÝRIR HEILSU OG FEGURÐ

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

Biblían í veggnum - sannur atburður

Það er sögð merkileg saga frá þinni fögru og sólríku Ítalíu. Appelsínutrén stóðu í blóma og vínviðurinn vafði sig upp eftir fjallshlíðunum. Kona nokkur var á gangi í útjaðri lítills bæjar, sem að miklu leyti var hulinn olíuturjám. Rétt fyrir utan bæinn hitti hún múrara, sem var að hlaða múrvegg. Konan heilsaði honum vingjarnlega, og hann tók undir kveðju hennar. Þau spjölluðu saman nokkra hríð um alla heima og geima. Loks tók konan ítalska Biblíu upp úr tösku sinni og ætlaði að gefa unga múraranum hana. Þá kom annar svipur

á múraran. Hann snéri sér með fyrirlitningu frá konunni. Hann kærði sig ekkert um þessa bók. Honum fannst hann ekki hafa neina þörf fyrir hana. Konan var samt ekki af baki dottin. Hún vann að því að dreifa út Biblíum. Hún lagði svo fast að

manninum að þiggja bókina, að hann lét loks til leiðast. Hún skrifaði nafn hans í bókina og fékk h o n - um hana. En konan tók ekki eftir einnennilegu glotti í augum mannsins, er hann kvaddi hana. Hún var ekki fyrr komin úr augsýn en múrarinn losaði um nokkra steina í veggnum, stakk Biblíunni þar inn og múraði yfir. Nú fannst honum bókina vera vel geymd - og nú væri hann laus við konuna. Þessi ótætis bók ætti ekki betra skil-

ið. Nokkrum árum síðar varð ægilegur jarðskjálfti í þessum bæ. Mörg hús hrundu, börn æptu af skelfingu og stunur særðra manna heyrðust úr öllum áttum. Á nokkrum mínútum geryðilagðist meira en helmingur bæjarins. Fólk flýði bæinn og leitaði óhultra staða. Að nokkrum tíma liðnum hurfu þó allmargir af íbúunum heim aftur og tóku að leita í rústunum. Dag einn stóð maður nokkur við hálfhruninn vegg og þreifaði fyrir sér hve traustur hann væri. Þá tók hann allt í einu eftir því, að tómahljóð heyrðist í veggnum á einum stað. Honum kom fyrst í hug, að þarna kynni einhver fjársjóður að vera fólgin og tók að brjóta upp vegginn. Það reyndist rétt vera! Þarna var hol í veggnum, og sjá, þarna lá lítill bók. Maðurinn tók bókina heim með sér og fór að lesa hana. Honum varð ljóst, að þarna hafði mikill fjársjóður verið fólgin. Hann lærði að meta þessa bók, og í gegnum hana lærði hann að þekkja Jesúm. Afleiðingin varð sú, að maðurinn fór að vinna að útbreiðslu Biblíunnar. Hann hafði fundið frelsara sinn við að lesa bókina, og nú vildi hann vinna að því að dreifa þessum fjársjóði út til landa sinna. En það voru ekki margir, sem vildu kaupa Biblíur. Dag nokkurn

kom hann þar að, er hópur verkamanna var að vinna. Hann tók upp bækur sínar og gaf sig á tal við þá. - Það þýðir ekkert að bjóða mér þessa bók sagði ungar múrari, ég kær mig ekki neitt um hana. Einu sinni var einni slíkri bók troðið upp á mig, en ég hefi komið henni svo vel fyrir, að ekki einu sinni sá vondi sjálfur getur fundið hana! Manninum með Biblíuna brá við þessi orð. Honum kom allt í einu í hug hvernig hann hafði fundið hana. Hann opnaði Biblíuna, sem hann hélt á í hendinni, sýndi múraranum og spurði hvort hann kannaðist nokkuð við nafnið, sem skrifað var í hana. Múrarinn varð skelfingu lostinn. - Þetta er mitt nafn, hrópaði hann. Hvernig í ósköpunum hefur þú komist yfir þessa bók? Maðurinn skýrði frá með hvaða hætti það hafði orðið, og múrarinn fékk aftur Biblíuna sína. Nú bað hann meira að segja um að mega halda henni. Hann fór að lesa hana og nú skildi hann, að það var Guð, sem talaði til hans og hafði séð um það, að Biblían, sem hann hafði fyrirlitið, barst aftur í hendur hans á þennan undarlega hátt.

Upp frá þessu varð Biblían kærasti vinur hans. (Ljósberinn 1954)



Styrkur til Stígamóta

Bæjarráð Sandgerðis leggur til við bæjarstjórn að Sandgerðisbær leggi kr. 50.000 til starfsemi Stígamóta.

Afgreiðsla: Bæjarstjórn Sandgerðis samþykkir tillögu bæjarráðs um að Sandgerðisbær leggi kr. 50.000 til starfsemi Stígamóta.



Jólamatur í Hópsskóla

Það var reglulega jólalegt í Hópsskóla fimmtudaginn 14. des. s.l., allir mættu í finum jólapeysum og kjólum eða á hangikjöti í hádegismat. Börnin í þriðjábekkjarkar textilhóp voru svo einstaklega jólaleg að þau fengu hópmynd af sér með kennaranum. (Heimasíða Grindavíkur)

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum

world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI


Vatnshitablásarar



Tilboð
89.990

Öflugir blásarar með
þykkar kopar pípum
og léttari hönnun.

Þakblásarar



Þurrktæki

Er rakastigið of hátt?



Tilboð
frá kr
39.990



Loftviftur



Gluggaviftur



Útsogsviftur

íshúsið **viftur.is**
-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

JÓLATILBOÐ

Völundarhús býður 20% afslátt af öllum
GARÐHÚSUM

miðað við verð án fylgihluta á heimasíðunni okkar.

Einnig af Sky 15 - 3 garðhúsinu/gestahúsinu og Sky 15 - 44 gestahúsinu.

Einnig bjóðum við 5% aukaafslátt af völdum gestahúsum.



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is • Sími 864-2400

Tilboð þetta gildir til 31. desember
eða á meðan bygðir endast.
Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar á heimasíðu
okkar volundarhus.is og í síma
864-2400.

50% afsláttur
af flutningi á
GARÐHÚSUM og
GESTAHÚSUM
á allar þjónustu-
stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og
GARÐHÚS
sérhönnuð fyrir
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri
GESTAHÚS og
GARÐHÚS á tilboði
á heimasíðunni
volundarhus.is



www.volundarhus.is

Jólasýning Gallerís Foldar

Jólasýning Gallerís Foldar þetta árið eru í þremur söllum en sýnd eru ný og nýleg verk listamanna gallerísins. Í baksalnum eru vatnslitaverk eftir fjölmarga listamenn, svo sem Þorra Hringsson, Rósu Sigrúnu Jónsdóttur, Daða Guðbjörnsson, Sigurjón Jóhannsson, Óskar Thorarensen, Elinborgu Jóhannesdóttur, Lu Hong, Þórunni Báru Björnsdóttur og Berglindi Svavarsdóttur. Berglind er nýr listamaður hjá Gallerí Fold og sýnir nú í fyrsta skipti. Verkin eru ólík og endurspeglja mikla breidd listamannanna. Í hliðarsalnum og forsalmum eru meðal annars sýnd olíuverk eftir Harald



Bilson, Sossu, Þorstein Helgason, Daða Guðbjörnsson, Jakob Veigar, Þórunni Báru, Ella, Hrafnhildi Ingu Sigurðardóttur og Magnús Jónsson.

Sýningin mun taka breytingum fram að jóluum eftir því sem verkin seljast enda eru verkin á jólasýningunni eru tilvaldar jólagjafir.

Framkvæmdir á Aðventu

Nú um Aðventu standa yfir ýmsar framkvæmdir í Garði. Sem dæmi standa yfir framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsa, slíkar framkvæmdir hafa ekki verið algengar mörg undanfarin ár en eru hafnar á ný og má reikna með að fjór færast í leikinn á næsta ári við byggingu íbúðarhúsnæðis í Garði. Þá eru framkvæmdir við hús-

næði tónlistarskólans á lokaspretti og verður húsnaðið væntanlega tilbúið um miðjan janúar. Þá mun tónlistarskólinn búa við mjög góða aðstöðu, sem vonast er til að efla tónlistarlífið í Garði enn frekar. Hér er mynd af byggingu íbúðarhúss við Vörðubraut, tekin nú í morgunsárið. (Molar Magnúsar bæjarstjóra)



Sturtuveisla!



Sturtuhurðir
Breidd
70, 80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70cm. 29.544



Sturtuhorn
Stærðir
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 70x70 cm. 30.500



Sturtuvængir
með lyftilóm
Stærðir
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
100 x 100 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70x70 cm 29.600



Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.

Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.




Sturtuhorn með botni
Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 35.900



Sturtuhorn
Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 32.107



8 mm. hert öryggisgler með festingum
Stærð 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. 26.190

Amma og afi í öndvegi

Hagsmunamálið eldri borgara hafa síðustu misserin fengið mikla athygli og umræðu í þjóðfélaginu. Sem betur fer hefur myndast aukinn þrýstingur á stjórnvöld að gera enn betur við aldraða. Það mer staðreynd að það er hópur af eldri borgurum sem hefur það mjög erfitt. Það var athyglisverður leiðari í Fréttablaðinu 13. desember s.l. sem fjallað um þessi mál.

„Það er mikið álag á mörgum heimilum þessa dagana og þá sérstaklega hjá þeim sem hafa lítið á milli handanna. Það er vægast sagt kvíðvænlegt fyrir marga að geta ekki glatt sína nánustu um jólin í anda hátíðanna enda kostar þetta allt sitt. Fáum er þetta þó eflaust jafn mikilvægt og ömmum og öfum sem sjá ekki sólina fyrir barnabörnunum – skiljanlega. En það er ekki aðalatriðið í stóra samhenginu sem er að ömmur og afar búa sum hver við hreint út sagt óásættanleg kjör og eiga fyrir vikið erfitt með að njóta hátíðanna. Þetta er fjarri því að vera algilt en engu að síður er staðreyndin sú að þeir eldri borgarar sem eru verst staddir eru með lífeyri við fátæktarmörk. Að auki er alls ekki gefið að þessi hópur búi í eigin skuldlausu húsnaði enda þarna fjölmargir sem hafa lent í ýmiss konar hremmingum í óstöðugleika íslenska hagkerfisins undangengna áratugi. Viðkomandi búa mögulega við það að lán eða leiga éti bróðurpart tekna þeirra mánaðarlega. Rétt er að taka fram að uppbætur vegna húsaleigu hrökkva skammt eins og ástandið er á húsnaðismarkaði og ekkert tillit er tekið til þeirra sem sitja uppi með húsnaðislan. Það voru því mikil vonbrigði að sjá nýjan stjórnarsáttmála sem gefur til kynna að ekki eigi að rétta hlut þessara einstaklinga um eina krónu. Þegar er fyrirhuguð

minni háttar hækkan á lífeyri út frá nýjum lögum um almannatryggingar frá upphafi þessa árs en hjá einhlyppum eldri borgara skilar það einvörðungu lífeyri upp á 242 þúsund krónur á mánuði. Vissulega stendur til að endurheimta fritekjumark atvinnutekna í 100 þúsund krónur en það var reyndar 109 þúsund krónur fyrir ári. Að auki er það takmarkaður hluti lífeyrisþega sem hefur heilsu til þess að stunda vinnu. En öðrum þykir eðlilega kominn tími til þess að þurfa ekki að strita eftir langa starfsævi samfélaginu til heilla, þó svo það hafi kannski ekki sjálft borið svo ýkja mikið úr bítum. Misskipting er engin nýjung. Í stjórnarsáttmálanum er reyndar talað um að Ísland eigi að vera land tækifæranna fyrir alla. „Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillöggu til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir.“ Þetta gæti vissulega vitað á gott fyrir það fólk sem hér um ræðir en mikið óskaplega hlýtur eldra fólkid í þessu landi að vera orðið þreytt á fögrum fyrirheitum og innantómu orðagjálfrí. Hvorugt verður í askana látið. Það er löngu tímabært að hinir verst stöddu á meðal lífeyrisþega fái kjaraleiðréttingu ekki síst með tilliti til þess að þetta er hópurinn sem mátti fyrst þola skerðingu í kjölfar efnahagshrunsins á sínum tíma. Þetta er eitthvað sem er vonandi að ríkisstjórn og þingheimur hafi í huga og bæti úr við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á næstu dögum. Hafi í huga að það er löngu tímabært að amma og afi séu sett í öndvegi en ekki í skammarkrókinn í íslensku samfélagi.“



Kiwanisklúbburinn Hof í Garði 45 ára

Þann 12. nóvember s.l. héldum við Hofsfélagar uppá 45 ára afmæli klúbbsins, allir forsetar Ægissvæðis mættu til okkar, Umdæmisstjóri Konráð Konráðsson, Kjörumdæmisstjóri Eyþór Einarsson og Svæðisstjóri Björn B Kristinnsson og gestir samtals 35 manns var boðið

uppá Kaffi og kökur.

Við veittum styrki til 4 aðila í Bæjarfélaginu, þá Gísla Steinns þórhalls-sonar, Tómas Póll Einarssonar sem greinst hafa með Krabbamein. Ungliðastarfs Útskálaskólar og Nesvellir í Reykjanesbæ samtals 300.000 kr.

Framkvæmdir hefjast

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar var rædd ósk um fjárveitingu vegna leikskóla að Skógarbraut 932

Þórey I. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðlaugur

Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs, mættu á fundinn og gerðu þau grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir að hefja framkvæmdir við leikskólann að Skógarbraut 932.

Gæði, úrval og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18 laugardaga 11 - 15 Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



INNRETTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Gleðileg jól



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



samskip



HP GÁMAR
HÓPSNES



Sveitafélagið Vogar



RAFÍÐNÁÐARSAMBAND
ÍSLANDS



SANDGERÐISBÆR



Verkalýðsfélag
Grindavíkur



BÍLASPRAUTUN
MAGGA JÓNS



ÞORBJÖRN



Garður



HS VEITUR HF



Grindavíkurbær



Fisktækniskóli Íslands
Icelandic College of Fisheries



Verkalýðs- og
sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis



Sandgerðishöfn



VERSLUNARMANNAFÉLAG
SUDURNESJA



Síldarvinnslan hf

OFHLEÐSLA OFHLEÐSLA OFHLEÐSLA

Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.

Samgöngustofa 
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda